

Nd.

191. Nefndarálit

[128. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49 20. maí 1977, um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni vilja samþykkja frv. óbreytt, en við, fulltrúar Alþýðubandalags og Alþýðuflokks, erum andvígir frumvarpinu og leggjum til að það verði fellt.

Lög um tímabundið vörugjald voru fyrst sett 16. júlí 1975. Þá var við það miðað að gjaldið stæði aðeins út árið 1975. Síðan hefur gjaldið verið framlengt fyrir árin 1976 og 1977 og hækkað í 18%. Enn er lagt til að þetta svonefnda „tímabundna vörugjald“ verði framlengt og gildi fyrir allt næsta ár. Gert er ráð fyrir að gjaldið gefi ríkissjóði um 7000 milljónir króna í tekjur á næsta ári.

Minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar telur gjald þetta mjög óréttlátt, og ljóst er að það mismunar mjög einstökum starfsgreinum, þar sem það leggst á tiltekna vöruflokka, en aðra ekki. Það er skoðun minni hlutans, að gjald þetta eigi að fella niður og að afla beri ríkissjóði tekna með öðrum hætti, sé talið óhjákvæmilegt að afla viðbótartekna. Heppilegt hefði hins vegar verið að losna við gjaldið án nýrrar tekjuöflunar, og hefði það þá haft áhrif til verðlagslækkunar. Minni hl. n. leggur til að frv. verði fellt.

Alþingi, 15. des. 1977.

Lúðvík Jósepsson,
frsm.

Gylfi Þ. Gíslason.